

Fundargerð Aðalfundar 2006

**Aðalfundur Skýrslutæknifélags Íslands
haldinn á Grand Hótel Reykjavík
9. febrúar 2006 kl. 15:00- 16:30**

Sigurjón Pétursson var einróma kosinn fundarstjóri og staðfesti hann að fundurinn væri löglegur.

1. **Skýrsla stjórnar fyrir árið 2005**

Svana Helen Björnsdóttir, formaður Skýrslutæknifélagsins, flutti skýrslu stjórnar og var hún samþykkt einróma. Svana Helen veitti Arnaldi F. Axfjörð viðurkenningu fyrir vel unnin störf fyrir félagið en hann gefur ekki kost á sér næsta ár.
<http://www.sky.is/images/stories/Felagsfundir/06Skýrsla.doc>
2. **Skýrslur nefnda og starfshópa**
 - a) **Orðanefnd**

Sigrún Helgadóttir, formaður Orðanefndar flutti skýrslu Orðanefndar þar sem hún greindi meðal annars frá 4. útgáfu Tölvuorðasafnsins og því að Orðanefndin vildi gjarnan sjá Tölvuorðasafnið inn á vef Skýrslutæknifélagsins, þ.e. uppflattisafnið.
 - b) **Ritnefnd Tölvumála**

Einar H. Reynis formaður ritnefnda flutti skýrslu ritnefndar;
sjá: http://www.sky.is/images/stories/gogn/Tolvumal/2005_Skyrsla_stjornar.doc
Samantekt á starfi ritnefndar. Einar hefur verið ritstjóri Tölvumála í 10 ár og gefur ekki kost á sér áfram.
 - c) **FUT**

Eggert Ólafsson, sem er fulltrúi Ský í FUT sagði frá starfsemi FUT, en Arnaldur Axfjörð flutti sérstaklega skýrslu frá SARÍS, sem Fut er aðili að ásamt Skýrslutæknifélaginu. Þá skýrslu má finna hér:
 - d) **Fókus**

Valgerður Gunnarsdóttir, formaður Fókus faghóps um upplýsingatækni í heilbrigðisþjónustu flutti ársskýrslu Fókus 2005. Sjá:
http://www.sky.is/images/stories/Fokus_Tolvumal/Fokus/2005_Fokus_arsskrsla.doc
 - e) **Öldungadeild**

Örn S. Kaldalóns fjallaði um starf öldungadeildar, en skýrslu Öldungaráðs má sjá hér:
<http://www.sky.is/images/stories/Oldungadeild/skjol/arsskyrsla-2005.doc>
3. **Reikningar félagsins fyrir árið 2005**

Jóhann Kristjánsson gjaldkeri félagsins lagði fram reikninga félagsins, þeir voru samþykktir samhljóða.
4. **Lagabreytingar**

Engar tillögur að lagabreytingum að svo stöddu.
5. **Ákvörðun félagsgjalda fyrir árið 2006**

Jóhann Kristjánsson lagði fram tillögu stjórnar að breyttum félagsgjöldum. Lagt var til að félagsgjöld hækkuðu um 6,5%, en það gera:
kr. 19.600,- fyrir fyrsta mann, 9.800,- fyrir annan mann og einstaklinga, 4.900,- þar eftir. Sú tillaga var samþykkt samhljóða.

6. Stjórnarkjör

Á aðalfundi 2005 voru Svana Helen Björnsdóttir, Einar H. Reynis og Jóhann Kristjánsson kosin til tveggja ára, og eru sæti þeirra því ekki laus. Á aðalfundi 2004 voru Arnaldur Axfjörð, Ebba Þóra Hvannberg og Eggert Ólafsson kosin til tveggja ára og eru sæti þeirra því laus en Ebba Þóra og Eggert Ólafsson gefa aftur kost á sér til tveggja ára. Þorvaldur Jacobsen fyrrum varamaður gaf svo kost á sér inn í aðalstjórn til tveggja ára.

Voru þessi framboð í aðalstjórn öll samþykkt.

Það er: Ebba Þóra Hvannberg til tveggja ára
Eggert Ólafsson til tveggja ára og
Þorvaldur Jacobsen til tveggja ára

Á aðalfundi 2005 voru kosnir varamenn til eins árs:

Þorvaldur Jacobsen
Baldur Johnsen

Aðalfundur 2006 þarf því að kjósa tvo varamenn til eins árs

Þessar tillögur að varamönnum til eins árs voru lagðar fram og voru þær samþykktar samhljóða:

Halldór Jón Garðarsson
Ólafur Aðalsteinsson

7. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga

Sigurjón Pétursson og Jakob Sigurðsson gáfu aftur kost á sér sem skoðunarmenn reikninga og var það samþykkt samhljóða.

8. Nefndakjör

Einar H. Reynis gaf ekki kost á sér aftur sem ritstjóri ritnefndar. Halldór Jón Garðarsson gaf kost á sér og var einróma kjörinn ritstjóri Tölvumála.

Siðanefnd var sjálfkjörinn aftur en siðanefnd er kosin til eins árs

Stjórn félagsins skipar Orðanefnd og þess vegna var hún ekki í kosningu hér.

9. Önnur mál

Stjórn ákvað að heiðra Örn S. Kaldalóns og bjóða honum að gerast heiðursfélagi í Skýrslutækni­félaginu en hann hefur starfað óslitið í Orðanefnd Ský frá 1978. Hér má sjá yfirlit yfir náms- og starfsferils hans: <http://www.sky.is/heioursfelagar.html>

21 sótti fundinn.

Ritarar voru Hólmfríður Arnardóttir og Sóley Jensdóttir, starfsmenn félagsins.